

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu nr. 603/2007, um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 16. maí 2007, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið eftirfarandi breytingu á sérstökum viðbótarskilyrðum vegna úthlutunar aflaheimilda í sveitarfélaginu.

#### **Langanesbyggð.**

Við 3. tl. auglýsingarinnar bætist nýr staflíður sem verður d-liður, svohljóðandi:

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins Langanesbyggðar afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð nr. 439/2007 og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. desember 2007.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Hinrik Greipsson.*